

## Sex mánaða uppgjör stærstu sveitarfélaga landsins

Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær og Akureyrarbær hafa skilað uppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði þessa árs. Sveitarfélögum er ekki skylt að lögum að birta árshlutauppgjör. Sveitarfélög sem gefið hafa út skuldabréf sem skráð eru í kauphöll er hins vegar gert að skila árshlutauppgjöri til kauphallar.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman uppgjör þessara sveitarfélaga, en í þeim búa rúmlega 60% landsmanna. Samantekt sambandsins tekur eingöngu til A-hluta starfseminnar, þ.e. þess hluta sem fjármagnaður er að stærstum hluta af skattfé.

Tafla 1. Rekstrarreikningur fyrri hluta árs 2017 og 2016.

Rekstrarreikningur (í þús.kr.)	Janúar - júní 2017	Janúar - júní 2016	Breyting
Skatttekjur án Jöfnunarsjóðs	67.547.988	61.515.182	9,8%
Framlag Jöfnunarsjóðs	6.696.736	5.744.160	16,6%
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	14.829.353	13.144.006	12,8%
<b>Tekjur</b>	<b>89.074.077</b>	<b>80.403.348</b>	<b>10,8%</b>
Laun og launatengd gjöld	46.228.756	42.372.915	9,1%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	4.654.146	3.615.836	28,7%
Annar rekstrarkostnaður	28.557.201	28.223.208	1,2%
Afskriftir	3.627.404	3.562.325	1,8%
<b>Gjöld</b>	<b>83.067.507</b>	<b>77.774.284</b>	<b>6,8%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-1.298.093	-1.875.917	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>4.708.477</b>	<b>753.147</b>	

Heildartekjur þessara sveitarfélaga voru samtals 89,1 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins, samanborið við 80,4 ma.kr. á sama tíma í fyrra, nemur hækkunin 10,8%. Skatttekjur án jöfnunarsjóðs (þ.e. útsvar og fasteignaskattur) hækkuðu um 9,8 % en aðrar tekjur um 12,8%. Til samanburðar má nefna að vísitala neysliverðs hækkaði um 1,8% milli þeirra tímabila sem hér um ræðir (án húsnæðisliðar lækkaði vísitalan um 1,9%) og launavísitala hækkaði um 6,5%.

Rekstrargjöld jukust úr 77,8 ma.kr. í 83,1 ma.kr. eða um 6,8%. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 9,1%. Lífeyrisskuldbindingar jukust um 1 ma.kr. meira en í fyrra og gætir þar annars vegar áhrifa launahækkana en hins vegar aukin skuldbinding gagnvart A-deild Brúar. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 1,2% og afskriftir um 1,8%.

Rekstrarniðurstaðan var jákvæð um 4,7 ma.kr. sem er 5,3% af tekjum. Hér er um að ræða umtalsverð umskipti frá sama tíma í fyrra er rekstrarafgangur var 753 m.kr., tæplega 1% af tekjum.

Heildareignir þessara sveitarfélaga námu í júnílok sl. samtals 295,9 ma. kr. og höfðu þær hækkað um 16,4 ma.kr frá áramótum. Skuldir og skuldbindingar hækkuðu um 11,7 ma. kr. frá áramótum og námu í júnílok um 183 ma.kr. sem er hækkan um 6,8%.

Tafla 2. Efnahagsreikningur, júnílok 2017 og lok árs 2016.

Efnahagsreikningur (í þús.kr.)	30. júní 2017	31. desember 2016	Breyting
Varanlegir rekstrarfjármunir	217.193.457	217.319.983	-0,1%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	30.763.871	28.731.215	7,1%
Veltufjármunir	47.946.206	33.438.400	43,4%
<b>Eignir</b>	<b>295.903.534</b>	<b>279.489.598</b>	<b>5,9%</b>
Eigið fé	112.903.372	108.194.894	4,4%
Skuldbindingar	54.429.161	49.350.801	10,3%
Langtímaskuldir	97.580.421	93.497.759	4,4%
Skammtímaskuldir	30.990.580	28.446.144	8,9%
<b>Samtals skuldir og skuldbindingar</b>	<b>183.000.162</b>	<b>171.294.704</b>	<b>6,8%</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>295.903.534</b>	<b>279.489.598</b>	<b>5,9%</b>

Jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera markaðarins hafði í för með sér breytingar á lögum um LSR og samþykktum A-deildar Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Sveitarfélögum var gert skylt að gera annars vegar upp áfallinn halla A-deildar og hins vegar greiða áætlaðan halla vegna framtíðarskuldbindingar A-deildar auk greiðslna í varúðarsjóð. Gert er ráð fyrir uppgjör einstakra sveitarfélaga gagnvart Brú liggja fyrir nú á haustdögum. Þau sveitarfélög sem hér um ræðir tóku ný langtímalán að fjárhæð um 8,1 ma.kr. og er fyrst og fremst um að fjármögnun vegna fyrrnefnts uppgjors gagnvart lífeyrissjóðnum Brú.

Tafla 3. Sjóðstreymi fyrri hluta árs 2017 og 2016.

Sjóðstreymi (í þús.kr.)	Janúar - júní 2017	Janúar - júní 2016
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>10.648.551</b>	<b>9.273.600</b>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>	<b>12.392.081</b>	<b>7.439.116</b>
Fjárfestingarhreyfingar :		
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	-6.516.600	-5.983.137
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	1.300.256	568.284
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	1.838.017	4.152.600
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b>	<b>-3.378.327</b>	<b>-1.262.253</b>
Fjármögnunarhreyfingar :		
Tekin ný langtímalán	8.135.408	2.178.919
Afborganir lána	-3.147.578	-3.152.099
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	530.848	-1.144.219
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b>	<b>5.518.678</b>	<b>-2.117.399</b>
Breyting á handbæru fé	14.532.432	4.059.464

Veltufé frá rekstri nam 10,6 ma.kr. eða um 12% af heildartekjum, samanborið við 11½% í fyrra. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum jukust úr tæpum 6 ma.kr. í 6,5 ma.kr. eða um 8,9%. Þær eru að stórum hluta fjármagnaðar af gatnagerðagjöldum og sölu byggingaréttar sem hér eru færð undir liðnum „aðrar fjárfestingarhreyfingar“. Undir þann lið er einnig bókuð hækkan á langtímakröfum hjá einu sveitarfélaganna vegna uppgjors við Brú.